

## 35 þing Inner Wheel umdæmis nr. 136

### Haldið í Tryggvaskála Selfossi 25. Maí 2024

14 júní 2023 mætti fráfarandi umdæmistjórn Keflavíkur á Kaffi Krús Selfossi og hélt þar stjórnarskiptafund og við keflinu tók IW Selfoss. Keflavík skilaði af sér ógrinni af plast kössum og töskum með alls konar upplýsingum og skjölum umdæmisins og 27 júní hittist svo nýja umdæmisstjórnin til að fara yfir alla þessa pappíra og skjöl og til að taka ákvörðun um hvað gera skyldi við þetta allt. Sumt af þessum gögnum hafði ekkert varðveislugildi og var því ákveðið að eyða þeim en öðrum mikilvægum gögnum með sögugildi félagsins komum við fyrir í Héraðsskjalasafni Árnesinga, sem á að vera aðgengilegt fyrir alla til skoðunnar.

Við í umdæmisstjórn tókum í framhaldinu þá stefnu að hverjum stjórnarmanni fylgi ekki fleiri gögn en sem komast fyrir í hverri stjórnar skjalatösku í eigu umdæmisins og að annað verði vistað á heimasíðu félagsins sem geymir söguna.

### 9 stjórnarfundir voru haldnir, allir heima hjá umdæmisstjóra auk haust- og janúarfundarins sem haldnir voru í Skíðaskálanum

Á fundinum okkar í byrjun ágúst höfðum við fengið frá IIW einkunnarorðið fyrir 2023-24 Shine a light sem við þýddum yfir í **Tendrum ljós** sem er góð hugleiðing fyrir alla þar sem ljósið tendrar bjartar og góðar hugsanir. Við komumst að þeirri niðurstöðu að Hátíðarfélaginn okkar var fótalaus og verulega fatlaður svo ákvörðun var tekin um að kaupa fót fyrir hann. Gerðar voru ráðstafanir fyrir heimsóknir umdæmisstjóra til félaganna sex og tókum við þá ákvörðun að vera búnar að því fyrir haustfundinn sem settur var á 28. Október og Skíðaskálinn pantaður. Mikill misskilningur var með greiðsludag til Alþjóðaskrifstofu IW, að það þyrfti að borga 28. Október í raun eigum við að borga á tímabilinu 1. Júlí til 28. Okt svo það sé alveg skírt og gott að gera það fyrr en seinna. Stjórnin fjallaði ítarlega um styrkveitingar frá umdæminu og komst að þeirri niðurstöðu að þær ættu engann rétt á sér ef við endilega viljum styrkja einhver félagsstörf þá gerir hver og einn klúbbur það fyrir sig ekki umdæmið.

Ýmislegt var rætt á september fundinum, Haustfundurinn tekinn fyrir, samskipti við forseta klúbbana rædd. Tókum ákvörðun um að fastsetja stjórnarfundir á fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 17:00 sem var ekki hentugt fyrir fráfarandi umdæmisstjóra í Keflavík en svona er lífið ekki alltaf upp á það besta fyrir alla.

Á októberfundinum tókum við heimasíðuna okkar innerwheel.is fyrir, en umdæmisstjóri hafði farið á fund Birnu sem rekur vefsíðuna Character og komið heimasíðunni okkar innerwheel.is í nokkuð sæmilegt horf og er ætlunin að setja inn allar fundargerðir, ársskýrslur og auglýsingar til félagsins inn á síðuna og hafa sögu félagsins aðgengilega þar. Dagská haustfundarins tekinn fyrir, hlutverk IW og starfið í klúbbunum og hve erfitt hefur reynst að fjölga í félögum. Stjórnin tók fyrir umræðuna sem verið hefur um IW bréfitara eða tengil við IIW og tókum við þá stefnu að sjá um þau samskipti þetta árið. Vorum samt svo heppinn að eignast danskan tengilið í aðalstjórn IIW Kirsten Möller hefur hún reynst okkur mjög vel í öllum okkar samskiptum við Alþjóðastjórnina. Tekin var ákvörðun um að kaupa fjögur spjöld á félags keðjuna þar sem virðist sem tveir fyrrverandi umdæmisstjórar hafi ekki sett sitt tákn inn.

Á haustfundinum sem haldinn var 28 október s.l. var gengið frá og afgreiddar allar 5 óafgreiddu tillögurnar frá síðustu umdæmisstjórn 2022-2023, síðan var stungið upp á að bjóða öldruðum félögum sem almennt eru hættar að mæta að koma á jólafundinn og var því vel tekið og síðan var tekin sú ákörðun að halda sameiginlegann fund allra 6 klúbbana í stað hefðbunda afmælis Inner Wheel hittingsins 10. Janúar og stefnan tekin á 13 janúar í Skíðaskálann.

Við tókum okkur frí í nóvember en hittumst aftur á stjórnarfund í desember. Tekin ákvörðun um rafrænar jólakveðjur og á heimasíðuna. 10 félagskonur hafa skráð sig á þingið og 100 ára afmælið í Manchester í maí .

Góð mæting var í Skíðaskálann á sameiginlegan janúarfund, Grettir eigandi Skíðaskálans bauð konur velkomnar og sagði okkur sögu Skálans, Jóhanna umdæmissritari sagði okkur sögu IW frá upphafi og útbreiðslu félagsins um heiminn. Fulltrúar hvers klúbbs stóðu upp og settu sinn fund og ræddu ýmis mál, kynntu starfsemi og stöðu síns félags og því miður er það svo, að við eldumst í öllum klúbbunum og okkur fækkar þar sem endurnýjun er lítil, þannig að til vandræða horfir og svo er það svo að félagskonur sem eftir eru treysta sér ekki að taka að sér hlutverk innan stjórnar svo ástandið er ekki gott en ekki er hægt að ljúka þessari skýrslu án þess að hrósa Keflavík, en þær hófu upp raust sína og bættust 6 konur í félag þeirra núna í apríl.

Febrúar fundurinn fór að mestu í að velta fyrirkomulagi Þingsins í vor fyrir okkur, ákvörðun var tekin með Tryggskála, senda þarf tilkynningu til allra klúbba. Rætt var einnig um skil Klúbbanna um nafnabreytingar til stjórnarsetu næsta árs en nöfn allra sem taka við stjórnarsestu í klúbbum þurfa að berast fyrir

febrúarlok og sendast áfram til aðalstöðva. Rætt var einnig um erfiðleika klúbbanna við að viðhalda klúbbstarfi og manna stjórnir. Stefum við að því að taka þetta mál upp við alþjóðatengilið Íslands hana Kirsten Möller á þinginu í Manchester í vor.

Marsfundurinn og apríl fundirnir snerust aðallega um þingið okkar sem haldið verður 25 maí og einnig um væntanlega ferð okkar 10 kvenna, sjö frá Selfossi og þriggja frá Reykjavík á alþjóða þingið sem haldið var í Manchester 7 – 10 maí..

Árið hefur verið viðburðarríkt og skemmtilegt, við í stjórninni höfum haft meiri kynni af ykkur og félögum ykkar en áður, og þó við séum allar orðnar nokkuð við aldur að þá er það svo að lengi lærir sem lifir og við skulum líka hafa það í huga að enginn verður að manni nema að vera með mönnum.

Ég vil í lokin þakka kærlega fyrir mig og þakka ég meðstjórnendum mínum kærlega fyrir góð kynni og samverustundir.

SJG.